Vegagerðin
Suðurhrauni 3
210 Garðabæ

Garðabæ, 25. mars 2024,

Ályktun stjórnar Golfklúbbsins Odds vegna ástands Elliðavatnsvegar 410.

Nú líður hratt að því að starfsemi hefjist á golfvöllum Golfklúbbsins Odds, Urriðavelli og Ljúflingi um mánaðarmótin apríl, maí. Á golfvöllunum leika um 600 manns daglega golf og fjöldi barna sem og annara iðkenda á vellinum sem koma til okkar fótgangandi eykst nú ár frá ári með fjölgun íbúa í Urriðaholti. Má gera ráð fyrir að umferð gangandi vegfarenda yfir veginn muni aukast verulega í sumar þegar gangstígakerfi hverfisins, næst golfvellinum, hefur að mestu verið klárað.

Stjórn Golfklúbbsins Odds hvetur Vegagerðina til að sinna hlutverki sínu og tryggja öryggi þeirra sem koma gangandi á íþróttavelli í okkar umsjón, annað hvort með þrengingum eða öðrum aðgerðum sem til duga til að hægja á umferðarhraða við aðkomu að íþróttasvæðinu.

Fh. stjórnar Golfklúbbsins Odds,

Kær kveðja,

Kári Sölmundarson

Formaður

Afrit sent; Bæjarráð Garðabæjar.